

AUGLÝSING
um breytingu á aðalskipulagi Vesturbyggðar
vegna efnistöku í landi Hvalskers.

Skipulagsstofnun staðfesti þann 7. júní 2016 breytingu á aðalskipulagi Vesturbyggðar 2006-2018, sem samþykkt var í sveitarstjórn 25. maí 2016.

Í breytingunni er mörkuð efnisnáma, E26, í landi Hvalskers. Heimilt verður að vinna 12.000 m³ á 2.600 m² svæði.

Málsmeðferð var samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsstofnun, 7. júní 2016.

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.

Ottó Björgvin Óskarsson.

B-deild – Útgáfud.: 24. júní 2016